

# Uppgjör 1F 2020

**Lilja B. Einarsdóttir**
Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**
Framkvæmdastjóri Fjármála

# FYRIRVARI

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.

# Helstu niðurstöður – Rekstur 1F 2020

## Helstu niðurstöður á fyrsta ársfjórðungi 2020

- Tap á fyrsta ársfjórðungi 2020 nam 3,6 milljörðum króna eftir skatta, í samanburði við 6,8 milljarða króna hagnað á fyrsta ársfjórðungi 2019.
- Hreinar vaxtatekjur námu 9,4 milljörðum króna í samanburði við 10,2 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2019.
- Virðisrýrnun útlána nam 5,2 milljarða króna samanborið við 1,0 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2019. Aukningu á virðisrýrnun útlána má rekja til mikillar óvissu vegna áhrifa heimsfaraldurs COVID-19 á útlánasafn bankans.
- Hreinar þjónustutekjur á tímabilinu eru 1,9 milljarðar króna samanborið við 2,1 milljarða á sama tímabili árið áður.
- Rekstrarkostnaður var 6,7 milljarðar króna samanborið við 7,2 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2019.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var -5,9% á fyrsta ársfjórðungi 2020 samanborið við 11,2% á sama ársfjórðungi 2019.
- Kostnaðarhlutfall á fyrsta ársfjórðungi ársins var 72,6% samanborið við 38,7% á fyrsta ársfjórðungi 2019.













Fjárhæðir í milljónum króna

# Helstu niðurstöður - Efnahagur

- Heildareignir námu 1.523 milljörðum króna í lok mars 2020.
- Útlán jukust um 51 milljarð króna frá áramótum sem má að miklu leyti rekja til veikingar krónunnar, sem veldur hækkun á útlánum í erlendri mynt um 33 milljarða króna, en til viðbótar hafa útlán til fyrirtækja aukist um 8 milljarða króna og útlán til heimila hafa aukist um 9 milljarða króna.
- Eigið fé Landsbankans var 244,1 milljarðar króna í lok mars 2020 og hefur það lækkað úr 247,7 milljörðum frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall alls er nú 24,8% og hefur lækkað úr 25,8% frá árslokum 2019 og er vel umfram 18,8% eiginfjárkröfu FME.
- Á aðalfundi bankans, sem haldinn var 22. apríl 2020 var samþykkt tillaga bankaráðs um að arður yrði ekki greiddur til hluthafa vegna rekstrarársins 2019. Þetta var lagt til í ljósi þeirrar efnahagslegu óvissu sem ríkir vegna útbreiðslu COVID-19 og í samræmi við tilmæli Seðlabanka Íslands
- Heildarlausafjárþekja (LCR) er 196% í lok mars 2020 en var 161% í lok árs 2019. Hlutföllin eru vel umfram lágmarkskröfu. Áhrif aðgerða Seðlabankans vegna bindiskyldu á lausafjárhlutföll bankans voru jákvæð um sem nam 18 prósentustig fyrir heildina og 15 prósentustig fyrir lausafjárhlutfall í krónum.













Fjárhæðir í milljónum króna

# Þróun lykilmælikvarða

## Arðsemi eigin fjár, án bankaskatts




## Eiginfjárhlutfall alls




## Kostnaðarhlutfall




## Heildarlausafjárþekja



# Áhrif COVID-19

**Starfsemi**

Mikil áhersla var lögð á að aðstoða viðskiptavini við að nýta sér stafrænar lausnir og þjónustu. Á vef bankans voru birtar aðgengilegar upplýsingar um úrræði og aðstoð á þremur tungumálum. Starfsfólki sem afgreiddi erindi í síma, netspjalli og í tölvupósti var fjölgað. Fjölmörg eyðublöð vegna þjónustu voru rafvædd á stuttum tíma til að mæta skertum aðgangi að útibúum.

Eftir að samkomutakmarkanir voru hertar var útibúum lokað, nema vegna brýnna erinda. Meirihluti starfsmanna vann eftir það í fjarvinnu.

Aukinn kraftur var settur í að efla stafræna þjónustu enn frekar og í kjölfarið voru margar nýjar lausnir innleiddar. Landsbankinn varð m.a. fyrstur til að gera viðskiptavinum mögulegt að ljúka umsókn um frestun á greiðslum vegna íbúðalána á netinu.

Mikil áhersla var lögð á að miðla upplýsingum til viðskiptavina, bæði einstaklinga og fyrirtækja og veita þeim faglega fjármálaráðgjöf.

Stærsta aðgerð bankans til þessa var frestun á afborgunum og vöxtum útlána. Bankinn var aðili að samkomulagi um frestun lána fyrirtækja í 6 mánuði. Auk þess bauð bankinn einstaklingum almenna frestun á afborgunum og vöxtum íbúðalána, einnig til 6 mánuða.

**Tekjur**

Mikið flökt var á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum. Gangvirði fjáreigna lækkaði um 2,6 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi.

Áhrif COVID-19 á þjónustutekjur bankans á fyrsta ársfjórðungi voru lítil. Bankinn gerir ráð fyrir meiri áhrifum á öðrum ársfjórðungi.

**Virðisbreytingar**

Virðisrýrnun útlána til viðskiptavina var neikvæð um 5,2 milljarða króna á fyrsta árshluta. Aukningu á virðisrýrnun útlána má rekja til mikillar á óvissu vegna áhrifa heimsfaraldurs COVID-19 á útlánasafn bankans. Mat á væntu útlánatapi í lok fyrsta ársfjórðungs 2020 byggist á hagspám Hagfræðideildar bankans sem gerðar voru í upphafi faraldursins á Íslandi.

Óvissa er um endanleg áhrif COVID-19-heimsfaraldursins á lánasafn bankans en þó má telja líklegt að tekjusamdráttur og/eða aukin skuldsetning muni áfram hafa neikvæð áhrif á lánshæfi viðskiptavina bankans og auka virðisrýrnun útlána enn frekar.

Í ljósi þeirra óvissu sem ríkir er ekki hægt að setja fram áreiðanlegt mat á sérstöku framlagi í virðisrýrnunarsjóð fyrir hvert einstakt lán í lánasafni bankans. Þess í stað hefur verið lagt heildarmat stjórnenda á viðkvæmustu hluta lánasafnsins og til viðbótar við vænt útlánatap verið fært almennt framlag að fjárhæð 1.752 milljónir króna. Á öðrum ársfjórðungi verður lagt ítarlegra mat á þörf fyrir sértækt og almennt framlag vegna virðisrýrnunar útlána vegna áhrifa COVID-19.

# Áhrif COVID-19

**Laust fé og fjármögnun**

Lausafjárstaða bankans er sterk í lok fyrsta ársfjórðungs og áhrif aðgerða Seðlabankans vegna bindiskyldu á lausafjárhlutföll bankans voru jákvæð um 18 prósentustig fyrir heildina og 15 prósentustig fyrir lausafjárhlutfall í krónum.

Stærstur hluti fjármögnunar bankans er í formi innlána frá viðskiptavinum en þau hafa aukist um 47 ma. kr. frá árslokum 2019.

Bankinn gaf út skuldabréf undir EMTN-skuldabréfaramma bankans í febrúar, samhliða endurkaupum á þegar útgefnum skuldabréfum, og hefur takmarkaða endurfjármögnunarþörf sem eftir lifir árs. Bankinn mun eftir sem áður meta hvort tækifæri sé til að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.

**Eigið fé**

Eiginfjárhlutfall alls er nú 24,8% og hefur lækkað úr 25,8% frá árslokum 2019 og er vel umfram 18,8% eiginfjárkröfu eftirlitsaðila.

Sem viðbrögð við COVID-19-faraldrinum ákvað fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans að aflétta 2% kröfu um innlendan sveiflujöfnunarauka.

Aðalfundur bankans, samþykkti tillögu bankaráðs um að arður yrði ekki greiddur út vegna rekstrarársins 2019 í ljósi efnahagslegrar óvissu í kjölfar COVID-19 og í samræmi við tilmæli Seðlabankans,

**Annað**

Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings lækkaði lánshæfismat bankans fyrir skuldbindingar til lengri tíma um eitt þrep. Lánshæfismat bankans er því BBB/A-2 með stöðugum horfum.

# Eignarhald

- Ný eigandastefna fyrir fjármálafyrirtæki sem ríkissjóður Íslands á eignarhlut í var gefin út í júlí 2017.

## Áform ríkissjóðs varðandi Landsbankann

- Stefnt er að ríkið eigi verulegan eignarhlut, 34-40%, í bankanum til langframa til að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu og tryggja nauðsynlega innviði þess.
- Eignarhlutur ríkisins í bankanum verður að öðru leyti seldur á næstu árum þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi.
- Stefnt er að skráningu bankans á hlutabréfamarkað.



# Lánshæfismat




## Grundvallarþættir fyrir Landsbankann:

- Mjög sterk fjárhagsstaða
- Fullnægjandi lausafjárstaða
- Meðalsterk staða fjármögnunar
- Fullnægjandi viðskiptastaða
- Hófleg áhættustaða

| | Ríkissjóður Íslands | Landsbankinn hf. |
|---|---|---|
| Langtíma | **A** | **BBB** |
| Skammtíma | A-1 | A-2 |
| Horfur | Stöðugar | Stöðugar |
| Útgáfudagur | mars 2017 | apríl 2020 |

# Fjárhagsleg markmið

| | Markmið | 1F 2020 | Leiðbeinandi viðmið |
|---|---|---|---|
| Arðsemi eigin fjár, án bankaskatts[1] (RoE) | ≥ 10% | -5,2% | Vegna mikillar óvissu um áhrif útbreiðslu COVID-19 á arðsemi eigin fjár bankans hefur áætlun um vænta arðsemi eiginfjár á árinu 2020 verið felld úr gildi |
| Kostnaðarhlutfall (C/I ratio) | ≤ 45% | 72,6% | Vegna mikillar óvissu um áhrif útbreiðslu COVID-19 á kostnaðarhlutfall bankans hefur áætlun um vænt kostnaðarhlutfall á árinu 2020 verið felld úr gildi |
| Eiginfjárhlutfall alls (TCR) | ≥ 23% | 24,8% | Markmið bankans er að viðhalda eiginfjárhlutföllum sem eru á hverjum tíma yfir eiginfjárkröfum FME að viðbættum 1,5 – 2,5% stjórnendaauka.<br>Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum.<br>Bankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnuna á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans. |
| Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1) | ≥ 18% | 22,7% | |
| Arðgreiðsluhlutfall [2] (Dividend Payout ratio) | ≥ 50% | - | Til viðbótar er stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans. |

[1] Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

[2] Regluleg arðgreiðsla sem hlutfall af hagnaði síðasta árs.

# Árangur Landsbankans

## Markaðshlutdeild einstaklinga




## Markaðshlutdeild fyrirtækja




## Ánægja með þjónustu – Einstaklingar




## Ánægja með 360° ráðgjöf – Einstaklingar




## Ánægja með þjónustu – Fyrirtæki




## Ánægja með sjálfsafgreiðslu-lausnir – Fyrirtæki




Heimild: Gallup

# Rekstrarreikningur



# Rekstrarreikningur




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrarreikningur

| | 1F 2020 | 1F 2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 9.427 | 10.245 | -818 | -8% |
| Hreinar þjónustutekjur | 1.945 | 2.060 | -115 | -6% |
| Hrein virðisbreyting | -5.244 | -994 | -4.250 | 428% |
| Aðrar rekstrartekjur | -2.728 | 3.722 | -6.450 | -173% |
| **Afkoma fyrir rekstrarkostnað** | **3.400** | **15.033** | **-11.633** | **-77%** |
| Laun og launatengd gjöld | 3.844 | 3.680 | 164 | 4% |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.430 | 2.522 | -92 | -4% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 450 | 1.010 | -560 | -55% |
| **Rekstrarkostnaður** | **6.724** | **7.212** | **-488** | **-7%** |
| **Hagnaður (Tap) fyrir skatta** | **-3.324** | **7.821** | **-11.145** | **-143%** |
| Tekjuskattur | 304 | 1.037 | -733 | -71% |
| **Hagnaður (Tap) tímabilsins** | **-3.628** | **6.784** | **-10.412** | **-153%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrartekjur

## Samsetning tekna




## Hreinar vaxtatekjur




## Hrein virðisbreyting




## Hreinar þjónustutekjur




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrartekjur













Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld

## Laun og tengd gjöld




## Stöðugildi




## Annar rekstrarkostnaður







Fjárhæðir í milljónum króna

# Skattar

| | 1F 2020 | 1F 2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Reiknaður tekjuskattur | 297 | 865 | -568 | -66% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað[1] | 7 | 172 | -165 | -96% |
| **Tekjuskattur** | **304** | **1.037** | **-733** | **-71%** |
| | | | | |
| Sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki[2] | 450 | 1.010 | -560 | -55% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á laun[3] | 171 | 173 | -2 | -1% |
| **Samtals** | **925** | **2.220** | **-1.295** | **-58%** |

[1] 6% Viðbótarskattur á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna.

[2] Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% (0,376% 2019) byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

[3] 5,5% skattur á laun, bókast meðal launa og tengdra gjalda í árshlutareikningi.

**Skattar samtals**




Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur



# Heildareignir

| | 31.3.2020 | 31.12.2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 92.440 | 69.824 | 22.616 | 32% |
| Markaðsskuldabréf | 116.568 | 115.262 | 1.306 | 1% |
| Hlutabréf | 25.923 | 30.019 | -4.096 | -14% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 69.740 | 47.929 | 21.811 | 46% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.190.536 | 1.140.184 | 50.352 | 4% |
| Aðrar eignir | 27.981 | 23.110 | 4.871 | 21% |
| **Samtals** | **1.523.188** | **1.426.328** | **96.860** | **7%** |

Fjárhæðir í milljónum króna







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán













Fjárhæðir í milljörðum króna

*fram til 31.12.2017 voru vandræðalán skilgreind sem útlán með sértækt framlag og/eða útlán með >90 daga vanskil

# Útlán

| | Einstaklingar | Fyrirtæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Breyting á undirliggjandi áhættu og sviðsmyndum | -319 | -2.292 | -2.611 |
| Virðisrýrnun lána í vanefnd | 11 | -1.278 | -1.267 |
| Safnframlag | -108 | -1.644 | -1.752 |
| Afskriftir | -38 | -27 | -65 |
| Aðrar breytingar | 20 | 431 | 451 |
| **Hrein virðisbreyting** | **-434** | **-4.810** | **-5.244** |










Fjárhæðir í milljónum króna

# Útlán til einstaklinga

## Útlán til einstaklinga




## Útlán heimila eftir lánsformum




## Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




## Vegið meðaltaltal veðhlutfalls íbúðalána




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja










* Þar af námu útlán til ferðaþjónustu 95,7 ma. króna 31.3.2020 (96,3 ma. króna 31.12.2019)

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

| | 31.3.2020 | 31.12.2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 41.495 | 48.062 | -6.567 | -14% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 755.160 | 707.813 | 47.347 | 7% |
| Lántaka | 412.591 | 373.168 | 39.422 | 11% |
| Aðrar skuldir | 48.457 | 30.470 | 17.987 | 59% |
| Víkjandi lántaka | 21.379 | 19.081 | 2.298 | 12% |
| Eigið fé | 244.106 | 247.734 | -3.628 | -1% |
| **Samtals** | **1.523.188** | **1.426.328** | **96.860** | **7%** |

Fjárhæðir í milljónum króna







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lánsfjármögnun













*EUR 100m víkjandi lán eru á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.
ISK 5,5 milljarðar víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljónum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## Heildarlausafjárþekja




## Fjármögnunarþekja




Lágmark skv. reglum á fjármögnunarþekju FX: 80% 2016, 90% 2017 og 100% frá árinu 2018.

## Lausafjárþekja ISK




Lágmark skv. reglum 30% frá og með 01.01.2020.

## Lausafjárþekja erlendra mynta




Fjárhæðir í milljónum króna

# Eiginfjárkröfur

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 1,9% | 2,6% | 3,4% |
| **Lámarkskröfur undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,4%** | **8,6%** | **11,4%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,86% | 2,86% | 2,86% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,00% | 2,00% | 2,00% |
| Sveiflujöfnunarauki | 0,01% | 0,01% | 0,01% |
| Verndunarauki | 2,50% | 2,50% | 2,50% |
| **Samanlagðar kröfur um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **7,37%** | **7,37%** | **7,37%** |
| **Heildarkröfur um eiginfjárgrunn** | **13,8%** | **16,0%** | **18,8%** |
| **Eiginfjárhlutfall 31.3.2020** | **22,7%** | **22,7%** | **24,8%** |

**Heildarkrafa FME um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni**




**Áhættuvegnar eignir**




Fjárhæðir í milljónum króna

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. Standardised Approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach).
- Sveiflujöfnunarauki á innlendar áhættuskuldbindingar hækkaði í maí 2019 um 0,5 prósentustig úr 1,25% í 1,75%. Þann 1. febrúar 2020 hækkaði hann um 0,25 prósentustig úr 1,75% í 2%.
  - **Þann 19. mars 2020 var ákveðið að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar, sem viðbrögð við COVID-19 faraldrinum. Heildarkrafa FME um eiginfjárgrunn Landsbankans er því 18,8% lok mars 2020.**

# Arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall

## Arðgreiðslutillaga 2020

- Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 22. apríl 2020, samþykkti tillögu bankaráðs um að arður yrði ekki greiddur út vegna rekstrarársins 2019 í ljósi efnahagslegrar óvissu í kjölfar COVID-19 og í samræmi við tilmæli Seðlabanka Íslands.

## Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði ≥50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar trausti eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

**Arðgreiðslur**




**Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 1F 2020**




Fjárhæðir í milljónum króna

# Viðauki - ítarefni



# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi




- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykil hagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 25% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%.






# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi












# Kennitölur

| | 1F 2020 | 4F 2019 | 3F 2019 | 2F 2019 | 1F 2019 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | -3.628 | 3.875 | 3.247 | 4.329 | 6.784 | 18.235 | 19.260 | 19.766 | 16.643 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | -5,4% | 8,0% | 8,0% | 9,5% | 12,9% | 9,6% | 11,1% | 11,0% | 8,7% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | -5,9% | 6,3% | 5,4% | 7,1% | 11,2% | 7,5% | 8,2% | 8,2% | 6,6% |
| Arðsemi eigin fjár, án bankaskatts | -5,2% | 8,0% | 7,1% | 8,9% | 12,9% | 9,2% | 9,8% | 9,5% | 7,7% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | -1,0% | 1,1% | 0,9% | 1,2% | 2,0% | 1,3% | 1,5% | 1,7% | 1,5% |
| Eiginfjárhlutfall alls | 24,8% | 25,8% | 23,6% | 23,7% | 23,8% | 25,8% | 24,9% | 26,7% | 30,2% |
| Hreinar vaxtatekjur | 9.427 | 9.580 | 9.631 | 10.214 | 10.245 | 39.670 | 40.814 | 36.271 | 34.650 |
| Vaxtamunur eigna og skulda | 2,2% | 2,3% | 2,3% | 2,3% | 2,5% | 2,4% | 2,7% | 2,5% | 2,3% |
| Kostnaðarhlutfall | 72,6% | 46,2% | 43,9% | 42,3% | 38,7% | 42,6% | 45,5% | 46,1% | 48,4% |
| Heildarlausafjárþekja | 196% | 161% | 186% | 174% | 243% | 161% | 158% | 157% | 128% |
| Lausafjárþekja erlendra mynta | 489% | 769% | 577% | 555% | 434% | 769% | 534% | 931% | 743% |
| Lausafjárþekja ISK | 96% | 61% | 46% | 45% | 49% | 61% | 44% | 60% | 90% |
| Heildarfjármögnunarþekja | 115% | 117% | 119% | 119% | 118% | 117% | 120% | 124% | 123% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 127% | 143% | 158% | 164% | 165% | 143% | 166% | 179% | 154% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna | 1,7% | 1,8% | 1,5% | 1,7% | 1,8% | 1,7% | 1,9% | 2,0% | 2,1% |
| Heildareignir | 1.523.188 | 1.426.328 | 1.415.262 | 1.402.835 | 1.379.298 | 1.426.328 | 1.326.041 | 1.192.870 | 1.111.157 |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 157,7% | 161,1% | 161,5% | 162,0% | 157,6% | 161,1% | 153,6% | 153,0% | 144,7% |
| Stöðugildi | 886 | 893 | 903 | 903 | 922 | 893 | 919 | 997 | 1.012 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 1F 2020 | 4F 2019 | 3F 2019 | 2F 2019 | 1F 2019 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 9.427 | 9.580 | 9.631 | 10.214 | 10.245 | 39.670 | 40.814 | 36.271 | 34.650 |
| Hreinar þjónustutekjur | 1.945 | 2.125 | 1.958 | 2.076 | 2.060 | 8.219 | 8.157 | 8.431 | 7.809 |
| Hrein virðisbreyting | -5.244 | -1.399 | -1.056 | -1.378 | -994 | -4.827 | 1.352 | 1.785 | -318 |
| Gjaldeyrisgengismunur | 85 | -300 | -39 | -87 | -158 | -584 | -1.497 | -1.375 | -179 |
| Aðrar rekstrartekjur | -2.813 | 2.257 | 860 | 2.042 | 3.880 | 9.039 | 5.084 | 8.400 | 6.738 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **3.400** | **12.263** | **11.354** | **12.867** | **15.033** | **51.517** | **53.910** | **53.512** | **48.700** |
| Laun og launatengd gjöld | 3.844 | 3.805 | 3.284 | 3.689 | 3.680 | 14.458 | 14.589 | 14.061 | 14.049 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.430 | 2.505 | 2.167 | 2.340 | 2.522 | 9.534 | 9.348 | 9.789 | 9.465 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 450 | 1.064 | 1.065 | 1.065 | 1.010 | 4.204 | 3.860 | 3.253 | 2.973 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.724** | **7.374** | **6.516** | **7.094** | **7.212** | **28.196** | **27.797** | **27.103** | **26.487** |
| **Hagnaður (Tap) fyrir skatta** | **-3.324** | **4.889** | **4.837** | **5.774** | **7.821** | **23.321** | **26.113** | **26.409** | **22.213** |
| Tekjuskattur | 304 | 1.014 | 1.591 | 1.444 | 1.037 | 5.086 | 6.853 | 6.643 | 5.570 |
| **Hagnaður (Tap) tímabilsins** | **-3.628** | **3.875** | **3.247** | **4.329** | **6.784** | **18.235** | **19.260** | **19.766** | **16.643** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 31.3.2020 | 31.12.2019 | Breyting | | 31.12.2018 | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 92.440 | 69.824 | 22.616 | 32% | 70.854 | 55.192 | 30.662 |
| Markaðsskuldabréf | 116.568 | 115.262 | 1.306 | 1% | 77.058 | 117.310 | 154.892 |
| Hlutabréf | 25.923 | 30.019 | -4.096 | -14% | 23.547 | 27.980 | 26.688 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 69.740 | 47.929 | 21.811 | 46% | 71.385 | 44.866 | 20.408 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.190.536 | 1.140.184 | 50.352 | 4% | 1.064.532 | 925.636 | 853.417 |
| Aðrar eignir | 27.981 | 23.110 | 4.871 | 21% | 18.665 | 21.886 | 25.090 |
| **Eignir samtals** | **1.523.188** | **1.426.328** | **96.860** | **7%** | **1.326.041** | **1.192.870** | **1.111.157** |
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 41.495 | 48.062 | -6.567 | -14% | 34.609 | 32.062 | 20.093 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 755.160 | 707.813 | 47.347 | 7% | 693.043 | 605.158 | 589.725 |
| Lántaka | 412.590 | 373.168 | 39.422 | 11% | 314.412 | 281.874 | 223.944 |
| Aðrar skuldir | 48.457 | 30.470 | 17.987 | 59% | 31.027 | 27.642 | 25.776 |
| Víkjandi lántaka | 21.379 | 19.081 | 2.298 | 12% | 13.340 | 77 | 388 |
| Eigið fé | 244.106 | 247.734 | -3.628 | -1% | 239.610 | 246.057 | 251.231 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.523.188** | **1.426.328** | **96.860** | **7%** | **1.326.041** | **1.192.870** | **1.111.157** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1F 2020 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Markaðir | Fjárstýring | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 4.315 | 4.830 | 653 | -348 | -21 | -2 | 9.427 |
| Hreinar þjónustutekjur | 802 | 192 | 998 | -109 | 120 | -58 | 1.945 |
| Hrein virðisbreyting | -1.140 | -4.097 | 0 | -7 | 0 | 0 | -5.244 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | -148 | -390 | -744 | -1.422 | -19 | -5 | -2.728 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **3.829** | **535** | **907** | **-1.886** | **80** | **-65** | **3.400** |
| Rekstrarkostnaður | -1.631 | -584 | -613 | -466 | -3.042 | 62 | -6.274 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -138 | -153 | -5 | -150 | -4 | 0 | -450 |
| Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til tekjusviða | -1.058 | -656 | -360 | -189 | 2.263 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **1.002** | **-858** | **-71** | **-2.691** | **-703** | **-3** | **-3.324** |
| Tekjuskattur | -264 | 147 | -499 | 171 | 141 | 0 | -304 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **738** | **-711** | **-570** | **-2.520** | **-562** | **-3** | **-3.628** |
| | | | | | | | |
| Heildareignir | 515.108 | 646.642 | 23.230 | 620.474 | 13.373 | -295.639 | 1.523.188 |
| Heildarskuldir | 480.782 | 541.916 | 19.032 | 519.618 | 13.373 | -295.639 | 1.279.082 |
| Úthlutað eigið fé | 34.326 | 104.726 | 4.198 | 100.856 | 0 | 0 | 244.106 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Árangur Landsbankans

### Besti banki á Íslandi

Alþjóðlega fjármálatímaritið *Euromoney* valdi Landsbankann besta bankann á Íslandi.

### UFS-áhættumat

Landsbankinn er í 6. sæti af 376 evrópskum bönkum í UFS-áhættumati Sustainalytics. Áhættumatið snýr að samfélagsábyrgð bankans.

### Ábyrg bankastarfsemi

Landsbankinn hefur ákveðið að fylgja nýjum viðmiðum UNEP FI um ábyrga bankastarfsemi.

### Íslenska ánægjuvogin

Landsbankinn mældist efstur í Íslensku ánægjuvoginni 2019 hjá viðskiptavinum í bankaþjónustu.

### PRI

Landsbankinn er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UNPRI).

### Jafnlaunavottun

Landsbankinn hlaut jafnlaunavottun í apríl 2019. Jafnlaunavottun er staðfesting á því að jafnlaunakerfi bankans samræmist kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.